

injölssekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnamei **22**
geti borist með. 15 júní

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann; og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og víðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki

23 lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því 15. júní að leggja gjald á fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu auru — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, matjurtagarðar og fiskreitir, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir ríkissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sótt-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á húseign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni, að fasteignaskatti til ríkissjóðs undanskildum. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignagjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

23

Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað 15. júní
shertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í
kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal
þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv.
1. gr. reiknast fyrst frá 1. janúar 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

24

15. júní

um

bryggjугerð í Borgarnesi o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey í
Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um, hvar á eynni það sje hentugast,
enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga
milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana í hálfköllu sjó, og skal
telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með
bryggjугerðarkostnaði.